



## Erindisbréf stýrihóps um heildarskipulag og uppbyggingu íþróttá- og skólasvæðis

### Skipun í stýrihóp

Bæjarráð skipar níu fulltrúa í stýrihóp um heildarskipulag og uppbyggingu íþróttá- og skólasvæðis. Sex eru fulltrúar sveitarstjórnarframboðanna í bæjarstjórn, þar af þrjú frá meirihlutanum og þrjú frá hinum framboðunum tveimur. Formaður hópsins skal vera aðalmaður í fræðslu- og tómstundanevnd. Aðrir fulltrúar eru skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar, einn fulltrúi Umf. Síndra tilnefndur af stjórn.

### Hlutverk stýrihóps

- Er fræðslu- og tómstundanevnd, bæjarráði og bæjarstjórn til ráðgjafar um heildarskipulag íþróttá- og skólamannvirkja á afmörkuðu svæði milli húsa grunnskólans frá Hafnarbraut að Bárinni og svæðið austan við Víkurbraut.
- Hefur víðtækt samráð við íbúa sveitarfélagsins um þarfagreiningu og framtíðarsýn.
- Hafa til hliðsjónar nýtingu á öðrum mannvirkjum sveitarfélagsins.
- Starfar eftir þörfum með ráðgjöfum og öðrum sérfræðingum í skipulagsmálum að því að móta heildarsýn og vinnur náið með starfsmönnum á skipulags- og tæknisviði.
- Vinnur tillögur að forgangsriðun verkefna.
- Tryggir að ákvæði laga og reglna séu uppfyllt.

### Starfsrammi og fundir

- Stýrihópurinn hefur ekki fjárhagslega og/eða stjórnumarlega ábyrgð. Starfstími hópsins er frá september 2018 til 15. apríl 2019.
- Fræðslustjóri er starfsmaður stýrihópsins, undirbýr og boðar til funda í samráði við formann. Fræðslustjóri situr fundi hópsins og hefur málfrelsi og tillögurétt. Fundir eru haldnir eftir því sem þörf krefur.
- Stýrihópurinn leggur tillögur sínar fyrir fundi í fræðslu- og tómstundanevnd.
- Um fundarskóp og fundarritun fer eftir samþykkt Sveitarfélagsins Hornafjarðar og um fundarskóp bæjarstjórnar eftir því sem við á.
- Fundargerðir stýrihópsins skal leggja fyrir fræðslu- og tómstundanevnd til umfjöllunar.
- Formaður stýrihópsins er í forsvari fyrir hópinn um verkefni og úrlausnir sem hópurinn vinnur að hverju sinni.



## **Hæfi og þagnarskylda**

Um hæfi fulltrúa stýrihópsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnslaga nr. 37/1993 og 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Um þagnarskyldu fulltrúa í stýrihópnum vísast til 19. gr. í samþykktum um stjórn og fundasköp sveitarfélagsins.

## **Þóknun**

Þóknun fyrir þátttöku í stýrihópnum greiðist samkvæmt 7. gr. Samþykktar um kjör reglum Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna funda og ráðstefna.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarráði þann 27. ágúst og í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann XX. 2018.